

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík




UMHVERFISSTOFNUN


Reykjavík, 1. júní 2010  
UST20100500023/hb

**Tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2010-2013, 521. mál**

Með tölvupósti, dags. 4. maí sl., sendi iðnaðarnefnd Alþingis Umhverfisstofnun tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun 2010 – 2013, 521. mál. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að litið sé til umhverfissjónarmiða við alla opinbera stefnumótun og fagnar því sérstaklega þeim þáttum byggðaáætlunar þar sem horft er til umhverfisverndar, sjálfbærrar nýtingar auðlinda og vistvænnar tækniþróunar. Umhverfisstofnun telur samþættingu opinberra áætlana lykilatriði í þessu sambandi og leggur áherslu að á áætlanir á sviði umhverfismála, svo sem náttúruverndaráætlun og aðgerðaáætlun í loftslagsmálum, verði ekki eingöngu hafðar til hliðsjónar í öðrum málaflokkum heldur þjóni þær eftir atvikum sem grundvöllur eða rammi annarrar stefnumótunar sem getur haft áhrif á umhverfið. Umhverfisstofnun bendir á að markmið slíkrar samþættingar ætti ekki einvörðungu að vera bundið við bættan árangur í þágu atvinnulífs og búsetuskilyrða auk betri nýtingar fjármuna, eins og virðist gengið út frá í öðru af sjö lykilsviðum sem nefnd eru í þingsályktunartillögunni, heldur er samþætting nauðsynlegt tæki til að ná markmiðum um umhverfisvernd og skynsamlega nýtingu náttúruauðlinda. Má í þessu samhengi benda á 4. meginreglu Ríó-yfirlýsingarinnar og 2. másl. 2. mgr. 73. gr. EES-samningsins, sbr. lög nr. 2/1993.

Virðingarfyllst

  
Kristín Linda Arnadóttir  
Forstjóri

  
Sigrún Agúsdóttir  
Sviðsstjóri